



SÝSLUMAÐURINN Á PATREKSFIRÐI

Aðalstræti 92 · 450 Patreksfjörður · Kt.: 570269-4969 · Sími: 450 2200 · Fax: 456 1550 · Netfang: patro@tmd.is

Alþingi
Erindi nr. P 132/116

komudagur 23.11.2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um fjarskiptasjóð, 191. mál

Um 2. grein. *Hlutverk.*

Ég skil greinina þannig að hlutverk fjarskiptasjóðs verði að standa straum af kostnaði við nauðsynlega uppbyggingu fjarskiptakerfa *sem kveðið er á um í fjarskiptaáætlun*, og ekki verður ráðist í á markaðsforsendum.

Það þarf því að lesa fjarskiptaáætlun til að leita nánari skýringa á því hvaða verkefni falla undir skilgreint hlutverk sjóðsins. Ég las fjarskiptaáætlun sem lögreglustjóri og með tilliti til þess fjarskiptakerfis sem lögreglan í landinu er að byggja upp, Tetra kerfisins, en stofnkostnaður við að ljúka uppbyggingu þess leikur á hundruðum milljóna.

Eina umfjöllunin í fjarskiptaáætlun um Tetra kerfið er stutt lýsing á kerfinu og notkun þess á bls. 48 en engin áform fann ég þar um uppbyggingu þess sem hluta af fjarskiptaáætlun. Ef ætlunin er að fjarskiptasjóður standi straum af stofnkostnaði Tetra kerfisins, er nauðsynlegt að það komi skýrt fram í lögunum. Ef það stendur ekki til að fjarskiptasjóður standi straum af stofnkostnaði Tetra kerfisins, er nauðsynlegt að ljóst liggi fyrir með hvaða hætti uppbygging kerfisins verður fjármögnuð.

Fáir landshlutar þurfa að reiða sig í jafn ríkum mæli á NMT-farsímaþjónustu Landsímans, og sunnanverðir Vestfirðir. NMT-kerfið er sem stendur eina langdræga farsímakerfið sem virkar víðast hvar á helstu þjóðvegum í umdæmi sýslumannsins á Patreksfirði s.s. Vestfjarðavegi nr. 60, Barðastrandarvegi nr. 62 og Bíldudalsvegi nr. 63, svo ekki sé minnst á helstu ferðamannastaði s.s. Breiðafjarðareyjar, Látrabjarg, Rauðasand og Selárdal í Arnarfirði.

Ég vek athygli samgöngunefndar á þessu ekki síst vegna þess að sú staðreynd að einungis NMT samband er á þessum slóðum en nær ekkert GSM samband gerir það að verkum að öryggi vegfarenda þar er nú þegar í algjöru lágmarki, þar sem allur almenningur á Íslandi og erlendir ferðamenn reiða sig að langmestu leiti á GSM-farsímaþjónustu.

Tetra farsímakerfið er ekki til staðar í þessum landshluta, og því verður lögreglan í umdæminu að reiða sig á NMT-farsímaþjónustuna sem stendur til að leggja niður árið 2007. Það er því verulegt áhyggjuefni að hvorki í frumvarpinu sjálfu né athugasemdum með því er ráð fyrir því gert að fjarskiptasjóður úthluti fjármagni til uppbyggingar Tetra kerfisins, sem jafnframt því að vera farsímakerfi gegnir því hlutverki í vaxandi mæli að vera talstöðvakerfi fyrir lögreglu, hjálparveitir og slökkvilið.

Um að ræða gríðarlega mikilvægan þátt í starfsemi lögreglunnar á Íslandi og fátt mikilvægara út frá öryggissjónarmiðum en að lögreglan á landinu öllu starfi í einu og sama fjarskiptakerfinu, bæði í innbyrðis samskiptum og í samskiptum við samstarfsaðila sína s.s. hjálparveitir og slökkvilið. Það er óásættanlegt fyrir lögreglu að þurfa að reiða sig á fjarskiptakerfi, sem á það til að breyta undir miklu álagi, einmitt þegar áreiðanleiki þess skiptir mestu máli, eins og dæmin sanna um GSM-kerfi.

Sýslumaðurinn á Patreksfirði

23. nóvember 2005

Þórólfur Halldórsson